

Vetrarstarf Keiliskvenna

Gleðilegt nýtt ár Keiliskonur og takk fyrir samveruna á liðnu GOLF-ÁRI

Nú er kominn tími á að undirbúa sumarið

Kvennatímar verða nú í vetur á miðvikudögum frá kl. 19.30 – 21.00 í inniaðstöðunni okkar í Hraunkoti. Tímarnir eru eingöngu ætlaðir konum úr Keili.

Við ætlum að hittast í fyrsta sinn **miðvikudaginn 13. janúar** og vikulega þaðan í frá, alls 10 mót. **Lokamót 17.mars.** Spilaðar eru 18 holur, tveir hringir í hvert skipti og gildir betri hringurinn. Þær sem skila inn 4 kortum eru gjaldgengar í keppnina **Púttmeistarinn 2010**

Við viljum benda konum á að nýta sér útiaðstöðuna, hægt er að fylla á boltakort (félagsskírteini) í Hraunkoti. Einnig er um að gera að nýta sér kaffiaðstöðuna á efri hæðinni í Hraunkoti, tilvalið er að setjast þar niður eftir hringinn, fá sér kaffi og spjalla.

Við viljum hvetja þær konur sem eru nýjar í Keili að mæta á púttkvöldin því þau eru tilvalin vettvangur til að kynna öðrum konum í klúbbum.

Keppnisfyrirkomulag púttmótanna

Mótin hefjast kl. 19.30

Leiknar verða 2 x 18 holur

Mótsgjald er kr.500.

Púttmeistari kvenna 2010 er sú sem er með besta samanlagt skor úr 4 hringjum. Veitt verða verðlaun fyrir 5 efstu sætin.

Verðlaunaafhending fyrir púttmótin verður á **Kvennakvöldi Keilis** sem haldið verður **föstudaginn 26.mars kl. 20.00 í Golfskálanum.**

Kvennanefndin árið 2010:

Ingveldur Ingvarsdóttir

Herdís Sigurjónsdóttir

Þórdís Geirsdóttir

Anna Snædís Sigmarsdóttir

Ólöf Baldursdóttir

Helga Jóhannsdóttir

Lovísa Hermannsdóttir

Hulda Hermannsdóttir

Með kveðju

Kvennanefnd Keilis